

Siglingaráð

35. fundur

Dags.: 3. október 2022, kl. 11:00 til 12:30 í innviðaráðuneytinu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (innviðaráðuneyti), Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Eggert Ólafsson (innviðaráðuneyti), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Bergþóra Kristinsdóttir (Vegagerðin), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands),
Forföll: Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar),

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 34. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ/ÁP bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- 1) **Fundargerð 34. fundar samþykkt.**
- 2) **Alþjóðasiglingadagurinn 29.09. 2022.** Ráðstefna haldin í tilefni dagsins, tókst afar vel. Hátt í 150 þátttakendur og mál manna að viðburðurinn hafi verið sérlega gagnlegur.
- 3) **Hafnalögin.** EÓ gerði grein fyrir þeim hluta breytinga á hafnalögum sem nú eru til kynningar á samráðsgátt. Fyrst og fremst er verið að gera breytingar sem heimila innleiðingu á EES regluverki sem snýr að þjónustu í höfnum. Nær til samevrópska flutningakerfisins TenT en í því eru stórar flutningahafnir; Faxaflóahafnir og Fjarðabyggð, Ferjuhöfnin í Seyðisfirði og tengihafnir Vestmannaeyja við land þ.e. Landeyjahöfn. Heimild til þess að gjaldtaka miðist við umhverfisframmistöðu skipa sem falla undir SOLAS þ.e. ESI og EPI að gjaldskrá taki mið af td. losun eða orkunotkun. Á ekki við um fiskiskip þar sem ekki eru til samræmdir staðlar fyrir þau sbr Energy efficiency Index fyrir flutningaskipin. EÓ fór einnig yfir þau frumvarpsdrög sem kynnt verða á samráðsgátt síðar í mánuðinum en tengjast ekki innleiðingum s.s. skilgreiningar á hafnasvæði á sjó m.a vegna skilgreininga á hafsvæðum m.t.t. öldufars og aðstæðna s.s. varðandi ferðaþjónustubáta, en þar verður að vera skýrt hvaða reglur gilda sem samþil við haf- og strandsvæðaskipulag, skipulagsvald hafnarstjóra, siglingaöryggis, bráðamengunar o.fl. Bent var á mikilvægi þess að hafa í huga að hafnir kunni að verða fyrir tugmilljóna tapi vegna skemmtiferðaskipa sem ekki leggjast að bakka en nýta þjónustu hafnarinnar að öðru leyti. Önnur ákvæði snúast um að festa í lögum það verklag og verkaskiptingu milli Samgöngustofu og Vegagerðar svo það endurspegli raunveruleg ferli. Umræða varð um Rafræna vöktun, persónuvernd, muninn á streymi án vistunar opnu fyrir almenning og vistuðum upptökum hafna sem heimilt er að nýta td. við löggæslu- Þessi munur þarf að vera skýr. Loks koma inn heimildir til gjaldtöku af fiskeldi; eldisgjöld en þau eru þjónustugjöld og renna til viðhalds og reksturs hafna. Þá er verið að færa hafnsögu úr lögum um vaktstöð siglinga og en leiðarstjórnun verður áfram hjá VSS, gerð er samsvarandi breyting í lögum um vss. Að endingu munu gjaldsskrár verða kærnanlegar til Samgöngustofu.
- 4) **Öryggisáætlun sjófarenda, stefna fyrir 2023 til 2037.** ÁP ryfjaði upp vinnuskjal með drögum að áætluninni og verður það opið ráðsmönnum til athugasemda eða tillagna með tp eða á Teams Ætlunin er að skila drögum í lok nóvember en stefna til 15 ára með tillögum að aðgerðum til 5 ára verður kynnt ásamt samgönguáætlun um áramót.
- 5) **Önnur mál.**

- a) **Atvik sjómenn** verður opnað í lok október með athöfn um borð í Sæbjörgu **og verður ráðsmönnum boðið.**
- b) **Skútan** á að komast í gagnið fyrir áramót
- c) **Aldan** – stöðukynning á öryggisstjórnunarkerfi sem hlaut styrk úr öryggisáætlun sjófarenda

Næsti fundur verður haldinn 3ja nóvember og verður boðaður í tölvupósti. Meðal efnis á þeim fundi er fyrirlestur um hönnun umhverfissvænna hafna m.a. á grundvelli EPI:
Ráðsmenn beðnir að taka allan daginn frá.

Áþ ritaði fundargerð.